

STARFSÁÆTLUN VALSÁRSKÓLA 2025-2026



„Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds“

Efnisyfirlit

Valsárskóli	5
Mannauður	6
Fundir	6
Þróunarstarf og símenntun	8
Símenntunaráætlun	8
Skólaárið 2025-2026	8
Skólastefna	8
Einkunnarorð skólans	8
Umhyggja	8
Virðing	9
Metnaður	9
Gleði	9
Uppbyggingarstefna - Uppeldi til ábyrgðar	9
Læsisstefna	9
Byrjendalæsi	9
Læsi fyrir lífið	10
Útiskóli og grenndarkennsla	10
Þemanám	10
Lærdómssamfélag og hugarfar vaxtar	10
Skólaþing/bekkjarfundir	11
Leiðtogaþjálfun	11
Starfsáætlun - nemendur	13
Skipulag skólaársins 2025-2026	13
Viðmiðunarstundaskrá	13
Námsvísar	17
Skóladagatal	18
Valgreinar í 7.- 10. bekk	20
Valgreinar 2025-2026	20
Bókasafn	22
SAM skólarnir	22
Mötuneyti	22
Öryggismál	22
Skólabíll	22
Öryggistæki	22
Létt bifhjól og önnur farartæki	23
Gæsla	23

Tryggingar	23
Nemendaráð skólaárið 2025-2026	23
Félagslíf	23
Skólaferðalag og fjáröflun	23
Foreldrar	24
Foreldrafélag	24
Stjórn foreldrafélags Valsárskóla 2025-2026	24
Bekkjarfulltrúar í námshópum 2025-2026	24
Foreldrasamstarf	24
Samtalsdagar	25
Vefsíða	25
Tölvupóstur	25
Viðtalstímar kennara	25
Samstarf	25
Framhaldsskólar	26
Sérfræðipjónusta	26
Nefndir og ráð	27
Skólanefnd	27
Skólaráð	27
Skólaráð 2025-2026	28
Fundir á skólaárinu 2025-2026	28
Öryggisnefnd	28
Stuðningur við nemendur	28
Stoðteymi	28
ÍSAT	29
Mat á skólastarfi	29
Ytra mat	29
Áætlun um innra mat	30
Hagnýtar upplýsingar	30
Skólaakstur	31
Afmæli	31
Ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum	31
Heimsóknir eftir skóla	33
Lyfjagjafir í skólanum	33
Meðferð námsgagna og eigur skólans	33
Notkun snjalltækja og síma	33
Óveður eða ófærð	34
Símtöl	34

Skólahúsnæði	34
Skólalóð	34
Slys / óhapp	34
Veikindi	34
Útivist / klæðnaður	35
Móttaka nýrra nemenda	35
Rýmingaráætlun	35
Vinaborg	35
Starfsfólk	35
Opnunartími	35
Skráning	36
Biðtími	36
Nokkrir punktar um starfsemi Vinaborgar:	36
Skólaárið 2025 - 2026	36
Lokaorð	37

Valsárskóli

Í Valsárskóla eru 68 nemendur í 1. – 10. bekk skólaárið 2025-2026. Við skólann er samkensla með áherslu á fjölbreytt nám og fjölbreytta kennsluhætti. Nemendum er skipt í fimm námshópa sem eru 1. - 2. bekkur, 3. - 4. bekkur, 5. - 6. bekkur, 7. - 8. bekkur og 9. - 10. bekkur. Sjá nánar á:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid/serstada>

Við skólann starfa 10 kennarar, skólastjóri, iðjuþjálf, skólaliði, 4 stuðningsfulltrúar, matráður, aðstoðarmatráður, húsvörður og skólahjúkrunarfræðingur. Sum störfín eru hlutastörf. Hjúkrunarfræðingur kemur 1-2 daga í mánuði og starfar umsjónarmaður fasteigna fyrir allt sveitarfélagið. Iðjuþjálf, matráður og aðstoðarmatráður eru einnig starfsmenn leikskólans Álfaborgar.

Sjá nánar á:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/starfsfolk>

Mannauður

Nafn	Starfsheiti
Aðalheiður Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Anna Louise Júlíusdóttir	Leiðbeinandi 2
Anna Nidia G Tulinius	Aðstoðarmatráður
Anna Soffía Arnard. Malmquist	Stuðningsfulltrúi
Bjarney Vala Steingrímsdóttir	Skólaliði
Björgvin Bergur Hannesson	Almennur starfsmaður
Brynhildur Smáradóttir	Hjúkrunarfræðingur
Daniel Eisermann	Matráður
Einar Bjarki Sigurjónsson	Grunnskólakennari
Erna Berglind Hreinsdóttir	Umsjóarkennari
Gísli Arnarsson	Almennur starfsmaður
Guðfinna Steingrímsdóttir	Grunnskólakennari
Halldóra S Halldórsdóttir	Kennari
Harpa Helgadóttir	Grunnskólakennari
Heiðrún Beck	Leiðbeinandi 1
Helgi Viðar Tryggvason	Grunnskólakennari
Kristinn Þráinn V. Kristjánsson	Kennari
María Aðalsteinsdóttir	Kennari og skólastjóri
Ólafur Sveinsson	Grunnskólakennari
Rudolf Helgi Kristinsson	Stuðningsfulltrúi
Sigríður Ingibj. Stefánsdóttir	lðupjálfi og tengiliður farsældar
Sigrún Rósa Kjartansdóttir	Grunnskólakennari
Tómas Ingi Jónsson	Umsjónarmaður fasteigna

Fundir

Reglulega eru kennarafundir, starfsmannafundir og vinnufundir í Valsárskóla. Auk þess fundar skólaráð þrisvar á skólaárinu, öryggisnefnd fundar fjórum sinnum, forvarnarteymi þrisvar sinnum og nemendaverndarráð fundar sex sinnum á skólaárinu. Fundir eru boðaðir með dagskrá og er hægt að skoða dagsetningar á flestum fundum á kaffistofu. Allt starfsfólk hefur aðgang að fundardagatali þar sem helstu fundir eru skipulagðir auk þess er hægt að sjá fundi í skólaráði og ýmsa viðburði í skólastarfinu. Sjá mynd:

Vinnuskóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga


Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla:

Valsárskóli

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚN
1. F	1. M	1. M	1. L	1. M	1. F	1. S	1. S	1. M	1. F	1. M
2. L	2. Þ	2. Þ	2. Þ	2. Þ	2. F	2. M	2. M	2. F	2. L	2. Þ
3. Þ	3. M	3. F	3. M	3. M	3. L	3. Þ	3. Þ	3. F	3. Þ	3. M
4. M	4. F	4. L	4. Þ	4. F	4. Þ	4. M	4. M	4. L	4. M	4. F
5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. F	5. M	5. F	5. F	5. Þ	5. Þ	5. F
6. M	6. L	6. M	6. F	6. L	6. Þ	6. F	6. F	6. M	6. M	6. L
7. F	7. S	7. Þ	7. M	7. F	7. M	7. L	7. L	7. Þ	7. Þ	7. S
8. F	8. M	8. M	8. L	8. M	8. F	8. S	8. S	8. M	8. F	8. M
9. L	9. Þ	9. F	9. S	9. Þ	9. F	9. M	9. M	9. F	9. L	9. Þ
10. S	10. M	10. F	10. M	10. M	10. L	10. Þ	10. Þ	10. F	10. S	10. M
11. M	11. F	11. L	11. Þ	11. F	11. S	11. M	11. M	11. L	11. M	11. F
12. Þ	12. F	12. S	12. M	12. M	12. M	12. F	12. F	12. S	12. Þ	12. F
13. M	13. L	13. M	13. F	13. L	13. Þ	13. F	13. F	13. M	13. M	13. L
14. F	14. S	14. Þ	14. F	14. S	14. M	14. L	14. L	14. Þ	14. F	14. S
15. F	15. M	15. M	15. L	15. M	15. F	15. S	15. S	15. M	15. F	15. M
16. L	16. Þ	16. F	16. M	16. Þ	16. F	16. M	16. M	16. F	16. L	16. Þ
17. S	17. M	17. F	17. M	17. M	17. L	17. Þ	17. Þ	17. F	17. S	17. M
18. M	18. F	18. L	18. Þ	18. F	18. S	18. M	18. M	18. L	18. M	18. F
19. Þ	19. F	19. S	19. M	19. M	19. F	19. L	19. L	19. Þ	19. Þ	19. F
20. M	20. L	20. M	20. F	20. L	20. M	20. F	20. F	20. M	20. M	20. L
21. F	21. S	21. M	21. F	21. S	21. M	21. L	21. L	21. Þ	21. F	21. S
22. F	22. M	22. F	22. M	22. M	22. F	22. S	22. S	22. M	22. F	22. M
23. L	23. Þ	23. M	23. F	23. M	23. F	23. M	23. M	23. L	23. Þ	23. S
24. S	24. M	24. F	24. M	24. M	24. L	24. Þ	24. Þ	24. F	24. M	24. M
25. M	25. F	25. L	25. Þ	25. F	25. S	25. M	25. M	25. L	25. M	25. F
26. Þ	26. F	26. S	26. M	26. F	26. M	26. L	26. L	26. S	26. M	26. F
27. M	27. L	27. M	27. F	27. L	27. Þ	27. F	27. F	27. M	27. M	27. L
28. F	28. S	28. M	28. F	28. M	28. L	28. Þ	28. Þ	28. F	28. S	28. M
29. F	29. M	29. F	29. M	29. M	29. F	29. S	29. S	29. M	29. F	29. M
30. L	30. Þ	30. M	30. F	30. L	30. F	30. M	30. M	30. F	30. L	30. Þ
31. S	31. F	31. M	31. F	31. M	31. L	31. Þ	31. Þ	31. F	31. S	31. M

Skólastjóri stjórnar daglegu starfi í skólanum, í forföllum hans tekur staðgengill við. Kennarar sjá um skipulag á námi og kennslu. Stuðningsfulltrúar og skólastjóri annast gæslu og eftirlit með umgengni nemenda á daginn. Skólaliði sér um ræstingu á húsinu. Hér eru drög að skipuriti fyrir Valsárskóla.



Þróunarstarf og símenntun

Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun er tilbúin til ársins 2028, sjá:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/starfsfolk/si-og-endurmenntunaraetlun>

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti, annars vegar símenntun sem skólastjóri ákveður og snýr að skólastarfinu í heild og hins vegar þá sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig og starfið. Skólastjóri metur almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum eða á grundvelli innra mats.

Skólaárið 2025-2026

Fræðsla á vegum Háskólans á Akureyri 14. ágúst.

Starfsþróunar- og vinnufundir í Valsárskóla reglulega í vetur og eru þetta efnin sem við vinnum með:

- Ný og uppfærð Aðalnámskrá grunnskóla.
- Samfella námsgreina.

Auk þessa sækja kennarar og aðrir ýmis styttri og lengri námskeið og námstefnur. Skólastjóri fer t.d. á námstefnu Skólastjórafélags Íslands sem haldin er árlega.

Skólastefna

Mikil vinna var lögð í að endurskoða stefnu skólans og uppfæra allar áætlanir á skólaárinu 2020-2021 vegna ytra mats og kláraðist sú vinna vorið 2024. Nú höfum við hafið vinnu við umbótaáætlun sem unnin verður árlega í tengslum við innra mat í skólanum.

Nám og kennsla byggir á skólastefnu Svalbarðsstrandarhrepps, uppbyggingarstefnu og grunnþáttum menntunar skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Sjá nánar:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/stefnaskolans>

Einkunnarorð skólans

Umhyggja

Við leggjum áherslu á að allir sem starfa við Valsárskóla sýni umhyggju í verki, vinsemd, skilning og vilja til að hjálpa.

Við sköpum örugg tengsl með því að sýna umburðarlyndi og kærleika í anda uppbyggingarstefnunnar. Við sýnum hvert öðru áhuga, hrósum, samgleðjumst öðrum og sýnum samhug.

Virðing

Í Valsárskóla mætum við ávallt hvert öðru með virðingu, þó að við séum ólík, af ólíkum uppruna, með mismunandi skoðanir og í ólíkum hlutverkum.

Við erum öll mikilvæg og nám okkar og störf skipta máli.

Við sýnum umhverfinu okkar, efniviði, verkum og eigum okkar og annarra virðingu.

Við temjum okkur að tala ávallt vel um annað fólk, og okkur sjálf.

Metnaður

Í Valsárskóla leggjum við áherslu á að allir geri ávallt sitt besta og séu virkir í námi og starfi.

Markið er sett hátt og við höfum trú hvert á öðru.

Við styðjum við eðlislæga forvitni og uppgötvunarnám, við erum víðsýn í vali á náms- og kennsluaðferðum.

Nemendur og starfsfólk styðja hvert annað til að allir nái góðum árangri. Lögð er áhersla á framfarir í samræmi við eigin forsendur. Við þurfum ekki að vera best en við gerum ávallt okkar besta.

Gleði

Í Valsárskóla ríkir gleðin í daglegu amstri, jafnt í vinnu sem leik. Gleðin endurspeglast í samskiptum sem einkennast af vinskapi, umburðarlyndi og friðsemi.

Við leggjum okkur fram um að vera jákvæð gagnvart verkefnum og horfa á björtu hliðarnar.

Við höfum alltaf val um hvernig við ætlum að takast á við aðstæður og hvaða viðhorf við tileinkum okkur til annarra. Við höfum gleðina að leiðarljósi en gerum okkur jafnframt grein fyrir því að aðstæður eru misjafnar og við ólík - öll getum við átt erfiðan dag.

Uppbyggingarstefna - Uppeldi til ábyrgðar

Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga er stefna sem felur í sér að kenna börnum og unglingum sjálfsstjórn og sjálfsaga. Aðferðin ýtir undir ábyrgðarkennd og að börn átti sig á styrkleikum sínum og þörfum. Einnig er áhersla á að þau læri af mistök sínum og nýti reynsluna á jákvæðan hátt. Stefnan er einnig verkfæri fyrir starfsfólk skóla í samskipta og agamálum.

Nánari upplýsingar um uppbyggingarstefnuna <https://uppbygging.is/>

Læsisstefna

Skólinn vinnur samkvæmt læsisstefnunni *Læsi er lykill* sem er afrakstur þróunarvinnu Miðstöðvar skólaþróunar HA, kennara af Eyjafjarðarsvæðinu og fræðslusviðs Akureyrar. *Læsi er lykill* skiptist í fjóra meginþætti:

- Samræðu, tjáningu og hlustun.
- Lestur og lesskilning.
- Ritun og miðlun.
- Lesfimi.

Þættirnir styðja hver við annan og eru allir mikilvægir í farsælli þróun læsis. Stefnuna í heild sinni og stuðningsefni er hægt að sjá inná heimasíðu stefnunnar: <https://lykillinn.akmennt.is/>

Byrjendalæsi

Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Aðferðin byggir á fjölbreyttum leiðum og virkni nemenda. Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýti undir ímyndunaraflíð og hvetji þau til gagnrýnnar hugsunar. Margs konar merkingarbærir textar eru lagðir til grundvallar lestrarkennslunni sem gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Textarnir eru nýttir sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi. Byrjendalæsi er samvirk nálgun til læsiskennslu og felur í sér bæði eindaraðferðir og heildaraðferðir. Horft er til þess að mikilvægi kennsluaðferðar í læsi feli í sér nálgun sem nái til allra þátta íslenskunnar. Þannig er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir tungumálsins, svo sem hljóðvitund, rétttritun, skrift, orðaforði og lesskilningur tengdir inn í ferlið.

Læsi fyrir lífið

Læsi fyrir lífið er aðferð sem byggir á að halda við aðferðum byrjendalæsis sem er í yngstu bekkjum skólans og margir kennarar skólans hafa tileinkað sér. Áhersla er á fjölbreyttar aðferðir við að lesa og styrkja lesskilning með nemendum, æfa leiðir í vinnu með orðaforða og skilning, ritun, samvinnunám og samræðu til náms. Einnig er lögð áhersla á að kennarar hugi með ákveðnum hætti að áhugahvöt, sjálfstæði í námi, einstaklingsmiðun og ábyrgð nemenda í námi. Allir kennarar skólans hafa tekið þátt í námskeiði um læsi fyrir lífið og þannig ætti að myndast heildstæð sýn og vinnulag allra kennara skólans í læsi og læsiskennslu.

Útiskóli og grenndarkennsla

Áhersla er á útiskennslu í skólanum en aðallega með yngstu nemendum. Í 1. - 2. bekk er útiskóli aðra hvora viku í samstarfi við elstu árganga leikskólans og í 3.-4. bekk er farið í útiskóla a.m.k. aðra hvora viku. Í öðrum bekkjum er hún samþætt öðrum greinum og unnið samkvæmt umhverfisstefnu sveitarfélagsins.

Þemanám

Samþætting námsgreina er fólgin í því að nemendur fást við ákveðið viðfangsefni sem er skipulagt þannig að það gangi þvert á námsgreinar og myndi sjálfstæða merkingarbæra heild. Þeir þurfa að afla sér þekkingar í mörgum mismunandi námsgreinum, á borð við samfélagsfræði, náttúrufræði og íslensku. Upplýsinga- og tæknimennt er stór þáttur í þemanáminu og úrvinnslu verkefna. Nemendur eru virkir þátttakendur í skipulagningu og mati á þemanáminu. Allir starfsmenn skólans eru upplýstir og meðvitaðir um hvaða þemu eru í gangi og reyna allir kennarar að vinna einstök þematengd verkefni með nemendum sínum.

Lærdómssamfélag og hugarfar vaxtar

Valsárskóli er lærdómssamfélag þar sem allir hjálpast að við að læra á fjölbreyttan hátt, kennarar, starfsfólk og nemendur. Við erum óhrædd við að nýta okkur fjölbreyttar aðferðir í námi, kennslu og skipulagi með það að markmiði að höfða til allra nemenda. Við höfum miklar væntingar til fagmennsku starfsfólks og vilja allra nemenda til að læra og ná árangri. Þrautseigja er mikilvæg og við lítum á mistök sem eðlilegan hluta af námi og þroska. Til að ná árangri er áhersla á hugarfar vaxtar. Það merkir að allir þurfa að leggja á sig og æfa sig til að ná árangri og færni. Áhersla er á framfarir og leiðsagnarmat, með markvissri uppbyggjandi endurgjöf.

Lýðræðisleg vinnubrögð og leiðtogaþjálfun

Skólaþing/bekkjarfundir

Reglulega eru haldnir bekkjarfundir í námshópum þar sem meðal annars eru rædd mál sem nemendur og/eða kennarar setja á dagskrá fundarins. Um það bil mánaðarlega eru haldin skólaþing. Þar sitja allir nemendur og starfsfólk Valsárskóla. Allir geta komið með mál á skólaþing en fyrst þarf að vera búíð að ræða málið á bekkjar- starfsmanna- eða kennarafundi og undirbúa flutning þess og rökstuðning. Markmið skólaþings er að skapa lýðræðislegan vettvang þar sem allir eru jafnir, geta sagt sína skoðun og lagt fram mál. Öll mál sem koma á skólaþing verða að vera í samræmi við stefnu skólans og landslög.

Leiðtogaþjálfun

Lögð er áhersla á að allir geti haft áhrif og að allir finni sína styrkleika sem þeir geta nýtt sér til góðs. Sjálfsþekking, sjálfstjórn og félagsfærni eru mikilvægir þættir hjá góðum leiðtogum. Til viðbótar við þá leiðtogaþjálfun sem felst í eflingu sjálfsþekkingar nemenda í daglegu starfi, skólaþingum og bekkjarfundum. Fyrir áramót verður leiðtogaþjálfun með öðru móti en síðustu ár og verður fyrirkomulagið endurskipulagt og nýjar leiðir farnar frá og með áramótum.

Grunnþættir menntunar:

Valsárskóli leggur áherslu á grunnþætti menntunar í öllu skólastarfinu og m.a. á eftirfarandi hátt:

- Læsi - með markvissri læsisstefnu og aðferðum Byrjendalæsis og Læsi til náms.
- Sjálfbærni - með úti- og grenndarkennslu í takt við umhverfisstefnu sveitarfélagsins.
- Heilbrigði og velferð - með íþróttakennslu, gjaldfrjálsum máltíðum, stoðþjónustu og skólareglum og einkunnarorðum sem miða að velferð nemenda.
- Lýðræði og mannréttindi - með lýðræðislegum vinnubrögðum, skólaþingum, bekkjarfundum og leiðtogaþjálfun.
- Jafnrétti - með fræðslu og virkum einkunnarorðum skólans.
- Sköpun - með kennslu í list- og verkgreinum, tónlistarnámi, danskennslu og þemanámi. Sköpun er einnig að finna í ýmsum bóklegum fögum við vinnu verkefna og þemavinnu.

Grunnbættir menntunar



Læsi



Sjálfbærni



Sköpun



Heilbrigði og velferð



Lýðræði og mannréttindi



Jafnrétti

Hægt er að lesa meira um grunnþætti menntunar hér: <https://adalnamskra.is/>

Skólareglur

Valsárskóli starfar eftir hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar sem leggur áherslu á forvarnir fremur en umbun og refsingar. Ein skólaregla gildir fyrir alla, bæði starfsfólk og nemendur.



Hægt er að lesa nánar um hvaða viðmið eru í skólanum um vellíðan, öryggi og metnað. Einnig er hægt að sjá hvernig brugðist er við ef nemendur fara ekki eftir reglum skólans. <https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid/skolareglur>

Starfsáætlun - nemendur

Skipulag skólaársins 2025-2026

Skólinn hófst 21. ágúst 2025 og verður slitið 9. júní 2026. Kennarar skipta náminu niður í mislangar lotur og er námsmat aðgengilegt foreldrum og nemendum jafnóðum á Mentor. Á skólaslitum fá nemendur afhent lokamat eftir veturinn.

Viðmiðunarstundaskrá

Hver kennslustund er 60 mínútur.

Nemendur fá 10 mínútur til að borða morgunmat og einu sinni yfir daginn fá nemendur 20 mínútna frímínútur og 5 mínútur fyrir síðustu kennslustund hjá 5. - 10. bekk. Hádegishlé nemenda er 25 mínútur.

Stundaskrár nemenda gilda allan veturinn og má sjá þær inn á Mentor og á heimasíðu skólans og hér að neðan.

Tjarnir 1. og 2. bekkur

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur Samvinna milli skólastiga	Fimmtudagur	Föstudagur
8:05-9:05	Bekkjatími	Bekkjatími	Bekkjatími	Bekkjatími	Bekkjatími
9:05-9:15	Grautur	Grautur	Grautur	Grautur	Grautur
9:15-10:15	Bekkjatími	Íþróttir/sund	Krummar	Íþróttir/sund	Bekkjatími
10:15-10:35	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:35-11:35	Bekkjatími Tónmennt	Bekkjatími	Krummar	Bekkjatími	Bekkjatími Heimilisfræði
11:35-12:00	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:00-13:00	Bekkjatími Listgreinar	Bekkjatími Listgreinar	Bekkjatími Listgreinar	Bekkjatími Listgreinar	Bekkjatími Heimilisfræði
13:00-14:00 14:00-16:15	Biðtími/Vinaborg Skólabíll Vinaborg	Biðtími/Vinaborg Skólabíll Vinaborg	Biðtími/Vinaborg Skólabíll Vinaborg	Biðtími/Vinaborg Skólabíll Vinaborg	13:00 Skólabíll/Vinaborg Vinaborg

Á mentor eru kennsluáætlanir og námsmat. Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um skólahald og viðburði.

Byrjendalæsi/pema er samþætt íslenska, náttúru- og samfélagsfræði og upplýsingamennt

Umsjónarkennari: Erna Berglind Hreinsdóttir erna@svabardstrond.is

Stuðningur: Anna Soffía Arnardóttir Malmquist anna.soffia@svabardstrond.is

Stundatafla 3.- 4. bekkur

Við, starfsfólk og nemendur, viljum að öllum líði vel í skólanum,
við viljum að allir séu öruggir, sinni sínu hlutverki og nýti hæfileika sína til góðs.



	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:05 - 9:05	bekkjartími	bekkjartími	bekkjartími	bekkjartími	útiskóli/ bekkjartími
9:05 - 9:15	morgunmatur	morgunmatur	morgunmatur	morgunmatur	morgunmatur
9:15 - 10:15	bekkjartími/ tónmennt	list- og verkgreinar	bekkjartími	list- og verkgreinar	útiskóli/ bekkjartími
10:15 - 10:35	fríminútur	fríminútur	fríminútur	fríminútur	fríminútur
10:35 - 11:35	sund/íþróttir	list- og verkgreinar	bekkjartími/ tónmennt	list- og verkgreinar	bekkjartími
11:35 - 12:00	matur	matur	matur	matur	matur
12:00 - 13:00	bekkjartími	bekkjartími	sund/íþróttir	bekkjartími	bekkjartími/ lífssleikni

Umsjónarkennari: Anna Louise Júlíusdóttir, annalouise@svalbardsstrond.is
Stuðningsfulltrúi: Björgvin Bergur Hannesson
Heimastofa: Lind

Kíktu á okkur á Facebook



Gert er ráð fyrir 4 tímum á viku í stærðfræði, 1 í ensku og 9 í byrjendalæsi/pema sem er samþætt íslenska, náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingamennt

Valsáarskóli 2025 - 2026

umhyggja – virðing – metnaður - gleði

<https://skolar.svalbardsstrond.is/>

| 5. og 6. bekkur

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:05-9:05	Íslenska	Stærðfræði	Íslenska	Samfélagsfræði	Enska
9:05-9:15	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9:15-10:15	Enska	List- og verk	Náttúrufræði	List- og verk	Íslenska
10:15-10:35	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur
10:35-11:35	Val HB	List- og verk	Sund/íþr	List- og verk	Náttúrufræði
11:35-12:00	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:00-13:00	Sund/íþr	Upplýsingatækni	Val HB	Íslenska	Samfélagsfræði
13:05-14:05	Stærðfræði	Samfélagsfræði	Danska	Stærðfræði	

Umsjónarkennari: Harpa Eyfjörð Helgadóttir, netfang: harpa@svalbardsstrond.is
Stuðningsfulltrúi: Rudolf Helgi Kristinsson, netfang: rudolf@svalbardsstrond.is

Valsárskóli 7. - 8. bekkur 2025-2026

Tími:	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:05-9:05	Stærðfræði	Enska	Stærðfræði	Stærðfræði	Verkmennt
9:05-9:15	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9:15-10:15	Verkmennt	Íslenska	Danska	Enska/Stærðfræði	Verkmennt
10:15-10:35	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:35-11:35	Þema	Sund/Íþróttir	Íslenska	Sund/Íþróttir	Danska
11:35-12:00	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:00-13:00	Þema	Þema	Þema	Íslenska	Lífisleikni
13:00-13:05	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	
13:05-14:05	Valtími	Valtími	Valtími	Valtími	

Umsjónarkennari: Kristinn Þráinn - kristinn@svalbardsstrond.is

Stundatafla



VALSÁRSKÓLI
SVALBARÐSSTRÖND

9. og 10. bekkur

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:05-9:05	Íslenska	Enska	Íslenska	Enska	List/verk
9:05-9:15	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9:15-10:15	Samfélagsfræði	Stærðfræði	Íþróttir/Sund	Íslenska	List/verk
10:15-10:35	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:35-11:35	Stærðfræði	Danska	Náttúrufræði	Danska	Íslenska
11:35-12:00	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:00-13:00	Enska	Íþróttir/Sund	Stærðfræði	Stæ	Nátt
13:00-13:05	Hlé	Hlé	Hlé	Hlé	
13:05-14:05	Val	Val	Val	Val	

Umsjónarkennari: Sigrún Rósa Kjartansdóttir, netfang: sigrun@svalbardsstrond.is

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid/stundatoflur-nemenda-2020-2021>

Kennslustundafjöldi er mismunandi eftir stigum:

1.-4. bekkur, 20 klst. á viku í töflu eða 1200 mín. á viku.

5.-10 bekkur, 24 klst. á viku í töflu eða 1440 mín. á viku.

Nemendur í 1. - 4. bekk eru alltaf í skólanum frá 8:05-13:00 og nemendur í 5. - 10. bekk eru í skólanum til 14:05 alla daga nema föstudaga en þá eru allir nemendur til 13:00.

Til samanburðar er hér hægt að skoða viðmiðunarstundartöflu úr Aðalnámskrá grunnskóla. Það sést að nemendur í 1. - 4. bekk eiga að vera 4800 mín. samanlagt á viku í kennslu. Þegar þeim mínútum er skipt á 4 árganga er það 1200 mín. á viku eins og við kennum. Í 5. - 7. bekk kennum við 1440 mín. á viku sem er samanlagður mínútufjöldi í 5. - 7. bekk skipti niður á 6 árganga.

Til skýringar: $4800/4=1200$ og $4200+4440=8640$, $8640/6=1440$.

Námssgreinar - Námssvið	1.-4. bekkur	5. - 7. bekkur	8. - 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
NÁTTÚRUGREINAR	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; TRÚARBRAGÐAFRÆÐI, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

Námssvísar

Kennarar eru á þessu skólaári að vinna með ný, breytt og uppfærð hæfniviðmið skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Þess vegna verða námsvísar ekki birtir í einu lagi í lok september. Þess í stað verða þeir birtir

í nokkrum áföngum. Við reiknum með að flest verði tilbúið í síðasta lagi 17. október 2025 en vegna tafa á námsmarkmiðum frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu getur verið að dálkurinn með þeim markmiðum verði auður eitthvað fram eftir skólaárinu.

Í námsvísunum má finna ítarlegar upplýsingar um áherslur í kennslu á hverju aldurstigi fyrir sig. Námsvísar eru hluti af starfsáætlun Valsárskóla og skólanámskrá og eru í sífelldri þróun þar sem starfsmenn skólans eiga reglulega samtöl um stefnu, markmið, mat og framfarir nemenda. Þannig má búast við því að námsvísar taki breytingum og séu lifandi skjal.

Námsvísar hafa verið unnir m.t.t. ábendinga frá Menntamálastofnun árið 2021 í kjölfar ytra mats, sérstaklega er varðar námsaðlögun. Auk þess skoðaði sérfræðingur frá HA námsvísana og ráðlagði um framsetningu og fleira 2022. Eins og á síðasta ári skiptum við þeim upp eftir námshópum þannig að þeir ættu að vera aðgengilegri fyrir foreldra og aðra áhugasama. Sjá nánar á:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/skolastarfid/namsvisar>

Skóladagatal

Öll heimili fengu skóladagatal með skýringum í apríl 2025 og er það alltaf aðgengilegt á heimasíðu skólans. <https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/skoladagatal-2019-2020>

Helstu dagsetningar eru eftirfarandi:

- Skólasetning er 21. ágúst.
- Haustfrí 21. - 22. október.
- Jólaleyfi eftir litlu jól 19. desember.
- Kennsla eftir jólaleyfi hefst 6. janúar.
- Vetrarfrí er 18. - 20. febrúar.
- Páskaleyfi 30. mars - 6. apríl.
- Skólaslit eru 9. júní.
- Kennsludagar samkvæmt skóladagatali eru 180. Starfsdagar kennara eru 13, þar af 5 á starfstíma skólans.
- Gert er ráð fyrir tveimur samtalsdögum á starfstíma skólans. Þeir eru 16. október 2025 og 16. febrúar 2026.

Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla:

AGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 F
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L
7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M
16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ	17 Þ	17 F	17 S	17 M
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 Þ	19 F
20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 F	23 S	23 Þ
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S	24 M
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F
26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F
27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L
28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ
31 S	31 M	31 F	31 M	31 M	31 L	31 Þ	31 Þ	31 S	31 S	31 M

Foreldrar fengu einnig skýringar með skóladagatalinu en þar er hægt að sjá nánari útskýringar á ýmsum viðburðum og opnun Vinaborgar.

	Valsárskóli	Vinaborg
	ágúst	ágúst
21. ágúst	Skólaselning kl. 16:15. Ferðasjóður með veitingasölu.	Vinaborg opnar eftir sumarfrí. Heill dagur fyrir skráða nemendur.
22. ágúst	Hautdagur, nemendur til 13:00 í skólanum.	
25. ágúst	Hautdagur, nemendur til 13:00 í skólanum.	
26. ágúst	Nám- og kennsla hefst samkvæmt stundatöflu. Sund hefst.	
	október	október
10. október	Sund hættir.	
16. október	Samtalsdagur - nemendur og foreldrar koma í samtöl til umsjónarkennara.	Heill dagur fyrir þá sem eru skráðir.
17. október	Starfs- og námsdagur - ekki kennsla.	Heill dagur fyrir þá sem eru skráðir.
20. október	Hautfrí - ekki kennsla.	Heill dagur fyrir þá sem eru skráðir.
21. október	Hautfrí - ekki kennsla.	Heill dagur fyrir þá sem eru skráðir.
31. október	Hrekkjavökuhátíð í skólanum, nemendur koma í búningum.*	
	nóvember	nóvember
7. nóvember	Baráttudagur gegn einelti*	
14. nóvember	Dagur íslenskrar tungu*	
17. nóvember	Starfs- og námsdagur - ekki kennsla.	
	desember	desember
1. desember	Fullveldisdagurinn*	
19. desember	Nemendur til 12:00 og mæta aftur kl. 17:00 á litlu jól nemenda og starfsmanna. Skólabíll fram og til baka.	
	desember og janúar	desember og janúar
22. des - 2. jan.	Jólafrí í Valsárskóla.	Vinaborg opin fyrir skráða 22. desember og 2. janúar.
5. janúar	Starfs- og námsdagur - ekki kennsla.	Heill dagur fyrir þá sem eru skráðir.
	febrúar	febrúar
16. febrúar	Samtalsdagur - nemendur og foreldrar koma í samtöl til umsjónarkennara.	Heill dagur fyrir þá sem eru skráðir.
17. febrúar	Starfs- og námsdagur - ekki kennsla.	Heill dagur fyrir þá sem eru skráðir.
18. febrúar	Vetrarfrí í Valsárskóla - óskudagur.	Heill dagur fyrir þá sem eru skráðir.
19. febrúar	Vetrarfrí í Valsárskóla.	Heill dagur fyrir þá sem eru skráðir.
20. febrúar	Vetrarfrí í Valsárskóla.	Heill dagur fyrir þá sem eru skráðir.
	mars	mars
26. mars	Árshátíð. Nemendur fara heim kl. 14:00 og koma aftur 16:30. Sólabíll í skóla seinna part. Sýning hefst 17:00. Veitingasala vegna söfnunar.	
30. mars - 6. apríl	Páskafri í Valsárskóla.	
	apríl	apríl
13. apríl	Sund hefst.	
24. apríl	Frí vegna 2x dags, litlu jól	Heill dagur fyrir þá sem eru skráðir.
	maí	maí
15. maí	Frí vegna 2x dags, árshátíð	Heill dagur fyrir þá sem eru skráðir.
26. maí	Starfs- og námsdagur - ekki kennsla	Heill dagur fyrir þá sem eru skráðir.
	júní	júní
4. júní	Sund hættir.	
5. júní	Vordagur - nemendur eru til 13:00 í skólanum.	
8. júní	Vordagur - nemendur eru til 13:00 í skólanum.	
9. júní	Vorhátíð og skólasit. Nemendur fara heim kl. 13:00 og koma aftur á skólasit kl. 16:15.	Síðasti dagur í Vinaborg á þessu skólaári.
	*dagur þar sem við í skólanum leggjum áherslu á ákveðin atriði í skólastarfinu	

Valgreinar í 7.- 10. bekk

Allir nemendur í 7. - 10. bekk eru í sex valgreinum, 4 klukkustundir á viku. Nemendur fengu valblað í maí 2025 og gátu valið um 33 valgreinar. Eftir að nemendur skiluðu inn valblöðum stóðu eftir greinar sem eru kenndar. Þetta vorið var val nemenda það afgerandi að ekki var þörf á að nemendur veldu aftur þegar búið var að fækka greinum.

Valgreinar eru kenndar á þremur tímabilum og þannig fá nemendur fleiri greinar á skólaárinu. Greinar sem verða kenndar skólaárið 2025-2026 eru breiðletraðar hér að neðan og taflan sýnir hvernig tímabilin eru.

Valgreinar 2025-2026

1. tímabil 26. ágúst - 14. nóvember 2025

2. tímabil 17. nóvember - 27. febrúar

3. tímabil 2. mars - 3. júní

- | | |
|--|--|
| ☐ Smíðar 1 | ☐ Jóga og slökun |
| ☐ Smíðar 2 | ☐ Upplýsingatækni og fingrasetning |
| ☐ <u>Lazerskurður og</u>
prívíddarprentun | ☐ Undirbúningur fyrir ökunám |
| ☐ Stuðningur í Vinaborg | ☐ Ljósmyndun |
| ☐ Útivistarval haust | ☐ Námsaðstoð |
| ☐ Útivistarval vor | ☐ Prjón og hekl |
| ☐ Heimilisfræði | ☐ Skúlp túragerð |
| ☐ Jarðfræði | ☐ Skák |
| ☐ Félagsmiðstöð | ☐ Þýska |
| ☐ Íþróttfræði | ☐ Saumar |
| ☐ Íþróttasálfræði | ☐ Teiknimyndasögur |
| ☐ Líkamsrækt og þjálfun | ☐ Huglægar myndir |
| ☐ Hlaupahópur | ☐ Myndskreytingar V/ texta eða ljóð |
| ☐ Hlaðvarp | ☐ Blönduð tækni í myndlist |
| ☐ Að kaupa notuð föt -
hvernig og hvers vegna? | ☐ Klippimyndir |
| ☐ Metið val - einfalt | |
| ☐ Metið val - tvöfalt | |
| ☐ Legó forritun | |

Ef það hentar verkefnum í valgreinum geta nemendur og kennarar, í samráði, verið lengur suma daga og þá fellur kennslustund í valgrein niður á móti sem því nemur. Námsmat í valgreinum byggir að mestu á ástundun í kennslustundum og afrakstri/verkefnaskilum. Ekki er gert ráð fyrir prófum, heldur er lögð áhersla á virkni og er námsmati skilað sem lokið/ólókið. Metið val er fyrir nemendur sem eru í íþrótt- og/eða tómstundastarfi með þjálfara/kennara/leiðbeinanda.

Bókasafn

Safnið er á Ós sem við köllum bókastofu. Ekki verður byggt upp safn líkt og áður var með fræðibókum. Lögð verður áhersla á bækur til að efla læsi og þjálfá nemendur í yndislestri.

SAM skólarnir

Hefð er fyrir samstarfi við Stórutjarnaskóla, Grenivíkurskóla og Þelamerkurskóla. Skólastjórar skólanna hittust í júní og settu niður samstarfið fyrir veturinn.

Skólaárið 2025-2026 gerir áætlun ráð fyrir:

- 8. - 10. bekkur - 23. september á Stórutjörnum
- 5. - 7. bekkur - 24. september á Grenivík
- 8. - 10. - bekkur - 7. maí á Grenivík
- 5. - 7. - bekkur - 4. maí í Valsárskóla

Mötuneyti

Hollur matur stuðlar að góðri heilsu. Vel nærð börn eiga auðveldara með að einbeita sér og mataræði hefur áhrif bæði á lærdómsgetu og hegðun. Börn verja miklum hluta dagsins í skólanum eða á skólasvæðinu og því er mikilvægt að þau eigi þar kost á hollum og góðum mat. Í Valsárskóla eru gjaldfrjálsar skólamáltíðir fyrir bæði nemendur og starfsfólk.

Morgunverður er í boði alla daga í grunnskólanum og á borðum er hafragrautur, ávextir, lýsi, rúsínur, kanill og mjólk.

Fjölbreyttur **hádegisverður** er í boði alla daga og borða allir saman, það er nemendur og starfsfólk. Ekki er leyfilegt að koma með nesti í skólann.

Stuðst er við *Handbók fyrir grunnskólamötuneyti* sem landlæknir gaf út og er hægt að skoða hana á þessari slóð:

https://downloads.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/3YCUj0J1aSQalza3DlQigI/75eebc3a898d2a613784ec4c98a97c60/HANDBOK_grunnskola_uppfaerd_april2024.pdf

Öryggismál

Skólabíll

Í skólabílnum eru öryggisbelti sem nemendum er skylt að nota. Mælt er með því að nemendur séu með ljós t.d. höfuðljós og/eða endurskinsmerki þegar dimmt er til að þau sjáist betur á afleggjurum. Bílstjórar eiga að minna nemendur á að nota bílbeltin. Það er mikilvægt að foreldrar og kennarar brýni fyrir börnunum að nota öryggisbelti.

Öryggistæki

Um leið og skyggja tekur skulu nemendur bera endurskinsmerki. Hlutverk skólans er fyrst og fremst að fræða um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja sem og að dreifa þeim ef þess er kostur. Nemendum er skylt að nota hjálma á hjólum, línuskautum, hlaupahjólum og hjólabrettum.

Létt bifhjól og önnur farartæki

Þeir sem hafa próf til að nota létt bifjól geta komið á þeim í skólann en óheimilt er að nota slík tæki á skólatíma. Ekki er leyfilegt að vera á rafknúnum hjólum eða öðrum farartækjum í frímínútum.

Gæsla

Utan kennslustunda eru stuðningsfulltrúar, skólaliðar og skólastjóri við gæslu úti á skólalóð og inni. Í búningasklefum eru íþróttakennari og skólaliði við gæslu.

Tryggingar

Allir nemendur skólans eru slysaftryggðir á leið í og úr skóla og meðan á skólavist stendur. Tryggingafélög greiða skaðabætur ef varanlegur skaði hlýst af slysi. Eignatjón hjá nemendum er að öllu jöfnu ekki greitt af skóla nema um sé að ræða vanrækslu af hálfu skólans.

Nemendaráð skólaárið 2025-2026

Í Valsárskóla er starfrækt nemendaráð sem skipað er nemendum í 8. - 10. bekk. Í byrjun skólaárs velur nemendaráðið í stjórn og í henni sitja formaður, varaformaður, viðburðastjóri og ritari, auk fulltrúa úr 8. bekk. Hlutverk nemendaráðs er að skipuleggja og hafa yfirumsjón með félagslífi nemenda og gæta að hagsmunum og velferðarmálum þeirra. Formaður og varaformaður eru áheyrnafulltrúar nemenda í skólaráði.

Margrét Dögg Sigurðardóttir, formaður

Lilja Jakobsdóttir, varaformaður

Guðmundur Baldvin Stefánsson, ritari

Eyrún Dröfn Gísladóttir, viðburðastjóri

Sesar Blær Gautason, fulltrúi úr 8. bekk

Nemendaráð mun funda a.m.k. 4 sinnum á skólaárinu skv. fundaáætlun og eru fundargerðir birtar á heimasíðu skólans. Nemendaráð Valsárskóla starfar einnig sem ungmennaráð fyrir sveitarfélagið. Unnið verður samkvæmt áætlun sem gerð var í kjölfar ytra mats til að virkja nemendur enn frekar í skólastarfinu. Sjá nánar á heimasíðu skólans.

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/nefndir-og-rad-1/nemendrad>

Félagslíf

Félagsmiðstöð sveitarfélagsins heitir Valhöll og er rekin af sveitarfélaginu en starfsemin fer fram í húsnæði Valsárskóla. Umsjónaraðili félagsmiðstöðvarinnar er Anna Louise Júlíusdóttir.

Skólaferðalag og fjáröflun

Nemendur 9. - 10. bekkjar fara í skólaferðalag annað hvert ár að vori. Ferðin er fjármögnuð með söfnun sem nemendur og foreldrar halda utanum. Ákvörðun um hvert skuli halda ræðst af því fjármagni sem til er í sjóðnum og skal kostnaður ferðarinnar ekki vera hærri en sjóðurinn getur greitt. Foreldrar, nemendur, kennari og stjórnendur taka sameiginlega ákvörðun um hvert skal farið og fararstjóri sér um skipulag í samvinnu við foreldra og nemendur. Næsta skólaferðalag er áætlað vorið 2026.

Búið er að móta reglur er varðar fjáröflun og skólaferðalag sem var borið undir, skólaráð, skólanefnd og foreldra á foreldraþingi á skólaárinu 2021-2022.

<https://docs.google.com/document/d/e/2PACX-1vTP-RcC7BjYjOb75GyxUkwseEvPOlKLqaNlNvC4-LlwKCIAWUQ9I8yBhHaeIsSIt6iAp4xPu5QivmI/pub>

Foreldrar

Foreldrafélag

Við Valsárskóla er starfandi foreldrafélag. Helstu markmið félagsins eru að stuðla að meiri og bættari tengslum heimila og skóla, að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við skólayfirvöld, að stuðla að framkvæmdum í þágu skólans, að örva og styðja félags- og menningarstarf innan skólans og að stuðla að upplyftingu foreldra/forráðamanna og nemenda a.m.k. einu sinni á ári.

Stjórn foreldrafélags Valsárskóla 2025-2026

Formaður: Telma Eir Aradóttir

Varaformaður: Elísabet Baldursdóttir

Gjaldkeri: Stefán Ari Sigurðsson

Ritari: Anna Louise Júlíusdóttir

Varamaður: Birgir Ingason

Varamaður: Gísli Arnarsson

Varamaður: Ingibjörg Sólrún Indriðadóttir

Áheyrnarfulltrúar í skólanefnd:

Valdís Anna Jónsdóttir

Til vara: Arnar Þór Björnsson

Fulltrúar í skólaráði:

Jakob Björnsson

Til vara: Anna Louise Júlíusdóttir

Bekkjarfulltrúar í námshópum 2025-2026

1. - 2. bekkur: Elísabet Baldursdóttir og Þórdís Eva Þórólfsdóttir

3. - 4. bekkur: Telma Eir Aradóttir og Íris Axelsdóttir

5. - 6. bekkur: Eva Sandra Bentsdóttir og Helena Valdís B. Traustadóttir

7. - 8. bekkur: Anna Karen Úlfarsdóttir og Þóra Sigríður Torfadóttir

9. - 10. bekkur: Gísli Arnarsson og Stefán Ari Sigurðsson

Foreldrasamstarf

Menntun og uppeldi er samvinnuverkefni skóla og heimila. Þessi svið skarast meira og minna og því þarf samvinna að vera nán. Sameiginleg verksvið skóla og heimila geta m.a. falist í eftirfarandi:

- Námsstuðningi.
- Að rækta farsæla mannkosti svo sem ábyrga hegðun, virðingu í samskiptum og vingjarnleika.
- Að efla skilning á mikilvægi menntunar og skólastarfs.

- Að vera hvetjandi.
- Með því að vinna sameiginlega að menntun og uppeldi á þennan hátt er stuðlað að vellíðan og þroska nemenda á jákvæðan hátt.

Samtalsdagar

Foreldrar og kennarar hittast í skipulögðu samstarfi sem er t.d. kynningafundir að hausti og tveir samtalsdagar á hverju skólaári. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann auk þess sem þeir eru hvattir til að hafa samband með símtölum eða tölvupósti. Fyrirhugað er að hafa foreldraþing um miðjan nóvember og voru haustfundir í námshópum 25. september 2025.

Vefsíða

Á vefsíðu skólans er að finna skólanámskrána í heild og aðrar gagnlegar upplýsingar um skólastarfið. Slóðin er <https://skolar.svalbardsstrond.is/>

Tölvupóstur

Allir starfsmenn hafa netfang og eru foreldrar hvattir til að nýta sér þennan samskiptamáta. Umsjónarkennarar senda foreldrum tölvupóst um skólastarfið að jafnaði vikulega. Allir nemendur skólans hafa skólanetfang til afnota og geta notað það t.d. í tölvupóstsamskiptum við kennara og á Google Classroom. Nemendum er óheimilt að nota það netfang í öðrum tilgangi s.s við að stofna aðgang að síðu sem er ótengd námi þeirra.

Viðtalstímar kennara

Viðtalstímar kennara eru eftir samkomulagi. Foreldrar/forráðamenn geta alltaf hringt á skólatíma og óskað eftir samtali eða sent tölvupóst.

Samstarf

Tónlistarskóli Eyjafjarðar

Í Valsárskóla eru 26 nemendur í Tónlistarskóla Eyjafjarðar sem eru 38% nemenda í Valsárskóla. Í heilu námi eru 12 nemendur, 22 nemendur eru í hálfu námi, 5 nemendur voru í 2x hálfu námi, 1 nemandi í 2x heilu námi og 1 nemandi í 3x hálfu námi.

7 nemendur af 26 nemendum við skólann eru með 2 námsgreinar og önnur námsgreinin er oftast söngur.

Nemendaígildi eru 34 sem þýðir að kenndar eru 1380 mín. kennslustundir í einkatímum og að auki tónfræði og samspilstímar.

Í söng eru 9 nemendur, gítar 6 nemendur, píanói 10 nemendur, trommum 4 nemendur, harmonikku 1 nemandi, básúnu 1 nemandi, fiðlu 1 nemandi, kornett 1 nemandi og saxófón 1 nemandi.

Í Tónlistarskóla Eyjafjarðar er fjölbreytt úrval hljóðfæranáms og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Leikskólinn Álfaborg

Flest börn sem hefja nám í 1. bekk Valsárskóla hafa verið í leikskólanum Álfaborg. Samstarf milli leik- og grunnskóla er mikilvægt bæði hvað varðar samfellu í námi og einnig til að nemendur verði sem best búnir undir að færast úr leikskóla í grunnskóla. Samvinna skólanna felst einkum í því að nemendur á síðasta ári í leikskólanum og nemendur 1. bekkjar hittast reglulega og taka þátt í sameiginlegu starfi og leik. Umsjónarkennari í 1. - 2. bekk skipuleggur starfið í samráði við leikskólakennara í Álfaborg.

Nemendur í elsta árgangi Álfaborgar koma á miðvikudögum frá kl. 09.15 til 11.30 í tveimur hlutum vegna fjölda. Þegar sundi lýkur í haust í Valsárskóla mun íþróttakennari Valsárskóla bjóða elstu nemendu að koma í íþróttir einu sinni til tvisvar fyrir áramót og aftur í nokkur skipti eftir áramót.

Fengist verður við fjölbreytt verkefni bæði innan og utan skóla s.s. ýmsir leikir sem kenna mismunandi færni, verkefnavinnu varðandi hvert þema vetrarins, gönguferðir um svæðið til grenndarkennslu o.m.fl.

Markmið með samstarfinu:

Að elstu börnin í leikskólanum verði örugg í grunnskólanum. Þau læra að rata um skólann, kynnast starfsfólkinu og þekkja skipulag kennslustunda.

Börnin í 1. bekk fá aukið sjálfstraust þegar þau geta sýnt yngri börnunum hvernig grunnskólinn virkar og kennt þeim ýmislegt sem þau hafa lært.

Samstarf 2025-2026:

- Útiskóli.
- Tónmennt - forskóli frá Tónlistarskóla Eyjafjarðar.
- Íþróttir.
- Leikur að læra.
- Morgunmatur í Valsárskóla eftir áramót.
- Hádegismatur í Valsárskóla eftir áramót.

Framhaldsskólar

Valsárskóli er í samstarfi við framhaldsskólana í nágrennasveitarfélögunum. Árlega heimsækja nemendur elstu bekkjanna Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann á Akureyri. Einnig hefur verið farið að Laugum í Reykjadal og stundum í Menntaskólann á Tröllaskaga eða boðið hefur verið upp á sérstaka kynningu ef nemendur óska eftir því. Á þessu skólaári er ekki náms- og starfsráðgjafi með fasta viðveru í Valsárskóla.

Sérfræðipjónusta

Í gildi er samningur Svalbarðsstrandarhrepps við Akureyrarbæ um þjónustu við grunn- og leikskólann. Annars vegar við fjölskyldusvið og hins vegar við fræðslusvið. Báðar deildir eru með aðsetur að Glerárgötu 26 og eru opnar alla virka daga frá klukkan 08:00 – 16:00. Sími 460-1420 og 460-1433. Fjölskyldusvið annast barnaverndarmál og fræðslusvið annast greiningar og kennsluráðgjöf.

Skólar og/eða foreldrar/forráðamenn geta leitað til fræðslusviðs eða fjölskyldusviðs vegna málefna einstaka barna. Tilvísunarblöð eru útfyllt í skólanum í samvinnu við foreldra og umsjónarkennara. Foreldrar geta einnig vísað málum sjálfir. Það er hlutverk fræðslusviðs og/eða fjölskyldusviðs að veita einstaklingum og fjölskyldum faglega aðstoð vegna félagslegra, uppeldislegra og/eða námslegra þarfa þannig að þær verði sem mest sjálfbjarga og geti notið almennra lífsgæða.

Heilsugæsla

Heilsuvernd skólabarna í Valsárskóla er á vegum HSN, Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Skólahjúkrunarfræðingur er Brynhildur Smáradóttir og viðverutími annan hvern föstudag frá 08:00 – 14:00

Netfang skólahjúkrunarfræðings er: brynhildur@akmennt.is / brynhildurs@hsn.is og sími 691-7788.

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmiðið er að efla heilbrigði barna og ungmennta og stuðla að vellíðan þeirra.

Nefndir og ráð

Skólanefnd

Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps fer með málefni Valsárskóla. Í nefndinni sitja þrír aðalfulltrúar skipaðir af sveitarstjórn. Starfsmenn nefndarinnar eru skólastjóri Valsárskóla og skólastjóri Álfaborgar.

Áheyrnarfulltrúar eru fjórir þ.e. fulltrúi foreldra grunnskólans, fulltrúi foreldrafélags leikskólans, fulltrúi kennara í Valsárskóla og fulltrúi leikskólakennara í Álfaborg. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Í skólanefnd sitja:

Hanna Sigurjónsdóttir (formaður)

Árný Þóra Ágústsdóttir

Vilhjálmur Rósantsson

Skólaráð

Samkvæmt 8. gr. grunnskólalaga skal skólaráð starfa við alla grunnskóla landsins sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfinu samkvæmt reglugerð um skólaráð 6. gr. Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreklam leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miðað skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög hafa samvinnu um rekstur hans, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skólanefnd og sveitarstjórn hafa samþykkt sameiginlegt skólaráð Valsárskóla og Álfaborgar. Skólaráð er einnig innra matsteymi fyrir Valsárskóla.

Skólaráð 2025-2026

María Aðalsteinsdóttir, skólastjóri Valsárskóla og til vara Sigrún Rósa Kjartansdóttir
Guðrún Hallfríður Björnsdóttir, skólastjóri Álfaborgar og til vara Bryndís Hafþórsdóttir
Jakob Björnsson, fulltrúi foreldra í Valsárskóla og varamaður er Anna Louise Júlíusdóttir
Kamila Sylwia Ciolko-Borkowska, fulltrúi kennara í Álfaborg og Íris Axelsdóttir varamaður
Harpa Helgadóttir, fulltrúi kennara í Valsárskóla og Guðfinna Steingrímsdóttir varamaður
Margrét Dögg Sigurðardóttir og Lilja Jakobsdóttir, fulltrúi nemenda og Eyrún Dröfn Gísladóttir til vara
Sandra Aðalsteinsdóttir, fulltrúi foreldra í Álfaborg og varamaður hennar er Ari Björn Jónsson
Sigrún Alda Mikaelsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins

Fundir á skólaárinu 2025-2026

Fundir eru kl. 14:15
2. október 2025
26. febrúar 2026
4. júní 2026

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd starfar fyrir Valsárskóla og Álfaborg, í öryggisnefnd sitja:

Bryndís Hafþórsdóttir, öryggistrúnaðarmaður
Helgi Viðar Tryggvason, öryggistrúnaðarmaður
María Aðalsteinsdóttir, öryggisvörður
Guðrún Hallfríður Björnsdóttir, öryggisvörður
Tómas Ingi Jónsson, umsjónarmaður fasteigna og öryggisstjóri

Öryggisnefnd fundar fjórum sinnum á ári.

26. september 2025
5. desember 2025
27. mars 2026
30. apríl 2026

Stuðningur við nemendur

Stoðteymi

Í Valsárskóla er stoðteymi og í því sitja sérkennarar, iðjuþjálfar/tengiliðar farsældar, skólastjóri og ÍSAT kennari. Hlutverk teymisins er að halda utan um sér- og stuðningsmál í skólanum og meta hvar stuðningur nýtist sem best fyrir nemendur með hliðsjón af þeim mannauði sem er starfandi við skólann.

Í teyminu skólaárið 2025-2026 eru:

Sigríður Ingibjörg Stefánsdóttir

María Aðalsteinsdóttir

Halldóra S Halldórsdóttir

Guðfinna Steingrímsdóttir

Helgi Viðar Tryggvason

ÍSAT

Stoðteymi skólans skipuleggur þjónustu við ÍSAT (íslenska sem annað tungumál) nemendur og styðst við nýlegan hæfniramma Menntamálastofnunar sem ætlað er að lýsa hæfni sem krafist er í notkun íslensku á öllum sviðum tungumálanáms. Markmið með kennslunni eru að nemendur tileinki sér og læri íslensku þannig að þeir geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með jafnöldrum og tekið virkan þátt í samfélaginu.

ÍSAT kennari 2025-2026:

Helgi Viðar Tryggvason

Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er fastur þáttur í starfinu og er markmið þess að auka gæði skólastarfsins með velferð nemenda að leiðarljósi. Matið skiptist í innra- og ytra mat.

Ytra mat

Reglulega er framkvæmt ytra mat á öllum grunnskólum á Íslandi á vegum Menntamálastofnunar eða annara aðila. Ytra mat var gert í mars árið 2021 og þar á undan árið 2012. Áhersla var að taka út stjórnun, nám og kennslu og innra mat skólans. Búið er að skila umbótaáætlun í kjölfarið, stöðuskýrslu og lokaskýrslu var skilað í september 2023 og er aðgengileg á heimasíðu skólans og á heimasíðu Menntamálastofnunar:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/aaetlanir/mat-a-skolastarfi>

Lesferill nemenda er liður í ytra mati grunnskóla. Kennarar skrá árangur í lesfimi þrisvar sinnum á skólaárinu í Skólagátt. Á þessu skólaári verður tekið upp stöðu- og framvindupróf í íslensku og stærðfræði. Það er skylda að leggja þau fyrir í 4. bekk, 6. bekk og 9. bekk. Meirihluti kennara í Valsárskóla leggur til að þau væru tekin í öllum árgöngum í Valsárskóla a.m.k. á skólaárinu 2025-2026.



Áætlun um innra mat

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skóla umbótum. Á skólaárinu 2020 – 2021 var fjögurra ára áætlun unnin þar sem lögð er áhersla á að meta þætti skv. skólastefnu Svalbarðsstrandarhrepps og leiðbeiningum frá Menntamálastofnun. Nú er búið að vinna áætlun til næstu fjögurra ára. Merkt er við þætti sem metnir verða á núverandi skólaári. Innra mat skiptist niður í fimm hluta og eru áhersluatriði úr skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps breiðletrað. Hér er mynd sem sýnir áhersluþætti fyrir skólaárið 2024 - 2028 þar sem sjö þættir verða metnir.

Viðfangsefni				
Nám og kennsla	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Inntak, árangur, metnaður og framfarir	x			x
Skipulag náms og námsumhverfi, umhverfi og heimabyggð		x		
Fjölbreyttir kennsluhættir og gæði kennslu			x	
Námshættir, námsvitund, sjálfstraust og leiðtogasamfélag	x			
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda				x
Skóli án aðgreiningar og fjölbreytt samfélag		x		
Viðburðir og uppbygging	x			
Mannauður				
Fagmennska starfsfólks og samstarf		x		x
Starfsánægja, líðsheild, líðan og aðbúnaður á vinnustað	x		x	
Stjórnun og skipulag				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x
Stjórnun skólans	x			
Faglegt samstarf				
Skólaþróun og starfsþróun			x	
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x			x
Skólabragur				
Viðmót, virðing, samskipti, menning og líðsheild		x		x
Velferð, velliðan, heilsuefning, umhyggja, gleði og líðan nemenda	x			
Samstarf og virkni heimila og skóla		x		
Innra mat				
Framkvæmd innra mats	x		x	
Umbótastarf í kjölfar innra mats		x		x

Á þessu skólaári verður lögð fyrir nemendur könnun sem heitir Skólapúls. Annað hvert ár svara foreldrar og starfsfólk könnun, næst skólaárið 2026-2027. Þannig fást gögn sem veita upplýsingar um marga þætti innra matsins s.s. skólabrag, líðan, nám og kennslu. Kennarar meta viðburði reglulega með úrbætur í huga. Unnið er úr gögnum sem við fáum frá Skólapúls og með reglulegu mati til að efla þá þætti sem niðurstöður sýna að þurfi að styrkja.

Hagnýtar upplýsingar

Skólinn er opin frá klukkan 07:45 – 16:15 virka daga en lokaður um helgar.

Sími: 4645510

Netfang: valsarskoli@svalbardsstond.is, skolastjori@svalbardsstrond.is, maria@svalbardsstrond.is

Heimasíða: <http://www.skolar.svalbardsstrond.is>

Skólaakstur

Ekið er skv. tímatöflu sem birt er á heimasíðu skólans og send á heimilin sem nota skólaakstur fyrir skólaasetningu. Mikilvægt er að nemendur komi á sína stoppistöð á réttum tíma. Skólabíllinn er einungis ætlaður nemendum grunnskólans. Ekki er ætlast til að nemendur leikskólans komi með eldri systkinum í skólabílum. Skólastjóri getur þó leyft slíkt í undantekningartilvikum.

- Forföll nemenda þarf að skrá í Mentor eða tilkynna í skólann, s. 4645510 og til skólabílstjóra s. 858 0777.
- Ferðir frá skóla eru 10 mínútum eftir lok síðustu kennslustundar.
- Athugið að ekki er hægt að reikna með að skólabíllinn geti tekið fleiri farþega en gert er ráð fyrir í áætlun.
- Hafa skal samband við bílstjóra ef fjölga á farþegum af einhverjum ástæðum, (t.d. afmælisboð) til að athuga hvort laust er með bílnum.

Gestir með nemendum

Frá og með ágúst 2024 er ekki lengur í boði að nemendur bjóði með sér gestum í skólann, það sama á við um starfsfólk skólans.

Afmæli

Ekki er leyfilegt að koma með veitingar í skólann og þess vegna geta nemendur ekki boðið upp á veitingar þegar þeir eiga afmæli.

Ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum sínum í skólanum. Nemendur eiga ekki að koma með peninga í skólann að óþörfu og eiga ekki að skilja verðmæti eftir í fötum sínum á göngum eða í búningasklefum.

Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að merkja vel allan fatnað. Merktur fatnaður skilar sér best. Óskilamunir eru geymdir í körfum í anddyri skólans. Nokkrum sinnum á ári eru óskilamunir lagðir fram til sýnis í skólanum s.s. á samtalsdögum og við skólaslit að vori og eru foreldrar sérstaklega hvattir til að huga að munum barna sinna.

Ábyrgð nemenda á eigin námi

Nemendur bera ábyrgð á námi sínu (skv. IV. kafla 14. gr. lögum um grunnskóla) með stuðningi kennara og foreldra og allt samstarf er því mikilvægt og stuðlar að metnaði nemenda til að stunda nám sitt af alúð.

Leyfi nemenda

Ef nemandi þarf leyfi getur umsjónarkennari gefið leyfi í einn eða tvo daga. Leyfi í 3 daga eða lengur skal sækja um til skólastjóra á eyðublaði. Eyðublað má finna á vefsíðu skólans.

Forföll í tónlistardeild þarf ekki að tilkynna ef búið er að tilkynna forföll í skólanum en forföll í skólaakstri þarf að tilkynna í síma 8580777.

Heimsóknir eftir skóla

Þegar nemendur fara í heimsóknir hver til annars eftir skóla, þurfa þeir að vera búnir að fá leyfi hjá foreldrum áður en þeir koma í skólann. Einnig þarf að kanna hvort pláss sé í skólabíl. Slíkt er alfarið á ábyrgð foreldra.

Lyfjagjafir í skólanum

Í tilmælum frá landlækni um lyfjagjafir í grunnskólum frá maí 1999 kemur meðal annars fram að foreldrum/forráðamönnum ber að afhenda hjúkrunarfræðingum, umsjónarkennara eða skólastjóra þau lyf sem börn og unglingar eiga að fá í skólanum. Börn og unglingar eiga aldrei að vera sendiboðar með lyf. Sjá nánari upplýsingar á síðu landlæknis.

Foreldrar/forráðamenn þeirra barna og unglinga sem þurfa að taka lyf á skólatíma eru vinsamlega beðnir að hafa samband við hjúkrunarfræðinga skólans til skrafs og ráðagerða um hvernig best verði komið til móts við þessi tilmæli.

Starfsfólk gefur nemendum aldrei lyf nema í samráði við foreldra.

Meðferð námsgagna og eigur skólans

Skólinn lætur í té öll námsgögn sem nemendur þurfa að nota við nám sitt. Þeir taka ábyrgð á því og eiga að fara vel með þau. Nemendur og forráðamenn þeirra eru ábyrgir fyrir því tjóni sem nemendur kunna að valda á eignum skólans.

Notkun snjalltækja og síma

Valsárskóli er símalaus skóli frá og með haustinu 2024. Almenna reglan verður sú að nemendur koma ekki með síma í skólann. Ef foreldrar telja þörf á að barnið fái að geyma símann í skólanum frá mætingu til heimferðar þarf að hafa samband við skólastjóra og óska sérstaklega eftir því. Skólastjóri mun þá senda viðkomandi foreldri eyðublað sem foreldrar, barn og skólastjóri skrifa undir. Þeir sem fá þessa undanþágu þurfa að fara eftir eftirfarandi reglum:

- Barn afhendir starfsmanni á kaffistofu símann um leið og það mætir í skólann.
- Síminn er geymdur á kaffistofu starfsmanna til skólaloka.
- Síminn á að vera hljóðlaus.
- Í lok skóladags fær barnið símann afhentan af starfsmanni á kaffistofu.
- Ekki er leyfilegt að nota símann innan skólans.

Ef brot verður á símareglum skólans afhenda nemendur símann og hann er geymdur inn á kaffistofu starfsmanna og haft verður samband við foreldra sem geta nálgast hann eftir að skóla lýkur.

Foreldrar geta alltaf haft samband við skrifstofu skólans ef þarf að koma skilaboðum til nemenda.

Eldgos og jarðskjálftar

Starfsfólk fer eftir reglum og upplýsingum frá Almannavörnum ef náttúruvá s.s. jarðskjálftar verða. Lagt er upp með að fræða nemendur, skapa umræðu og sýna nemendum upplýsingar frá Almannavörnum. Farið er yfir helstu atriði á bekkjarfundum í september og á starfsmannafundum að hausti.

Veikindafaraldrar

Ef forföll starfsfólks eru það mikil að þau hafi áhrif á kennslu eru hópar sameinaðir í kennslu. Farið er eftir tilmælum landlæknis og reglugerðum í faröldrum líkt og sett var í heimsfaraldri COVID. Til eru

gögn sem hægt er að grípa til ef t.d. þarf að skipta skólanum upp í sóttvarnarhólf og takmarka skólastarf.

Óveður eða ófærð

Þar sem skólinn ber ábyrgð á nemendum á leið í og úr skóla getur þurft að fella niður skólastarf vegna veðurs. Ef veður er svo slæmt að það þurfi að fella niður kennslu í grunnskólanum er foreldrum/forráðamönnum sent sms í skráða farsíma fyrir klukkan 7:30. Eins verður sett inn tilkynning á heimasíðu og facebooksíðu skólans.

Ef veður er tvísýnt metur skólastjóri í samráði við skólabílstjóra, mokstursaðila og fleiri hvort skólabíll sækir börn.

Ef talið er að það sé áhætta er skóla aflýst. Skólastjóri notar litakerfi veðurstofunnar til viðmiðunar:

Gul viðvörðun - reikna má með skólastarfi nema aðstaður og færð verði verri en gert var ráð fyrir.

Appelsínugul viðvörðun - veður og færð metin að morgni.

Rauð viðvörðun - skóla aflýst þegar viðvörðun er gefin út.

Símtöl

Nemendur geta fengið að hringja í foreldra og foreldrar geta jafnframt komið boðum til barna sinna með því að hringja í aðalnúmer skólans.

Skólahúsnæði

Hver bekkur hefur sína heimastofu, allar á efri hæð hússins. Þar er einnig skrifstofa, vinnurými kennara, kaffistofa starfsfólks, textíl- og myndmenntastofa, fundarherbergi og rými fyrir unglingastigið. Á neðri hæð hússins er matsalur, eldhús, íþróttasalur, tónlistarstofur og aðstaða frístundar. Að auki er kennt í sundlauginni haust og vor. Heimilisfræðival er kennd í eldhúsi skólans og smíðar eru kenndar í rými á milli skrifstofu sveitarfélagsins og leikskólans.

Skólalóð

Leiksvæði nemenda er kringum skólahúsið. Þar eru leiktæki, ærslabelgur og boltavellir. Nemendum er óheimilt að fara út fyrir skólalóðina á skólatíma nema með leyfi eða í umsjón kennara. Skólalóðin er lokað fyrir krakka á eigin vegum þegar Vinaborg er opin.

Slys / óhapp

Í stórum barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir höfum við strax samband við foreldra / forráðamenn og/eða hringjum á sjúkrabíl.

Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins.

Veikindi

Í skólanum er ekki aðstaða til að sinna veikum börnum. Veik börn eru viðkvæm og vansæl og þess vegna eiga þau ekki að koma í skólann þegar þau eru lasin. Nemandi á að vera hitalaus heima í a.m.k. 1 - 2 sólarhringa. Þegar nemandi kemur í skólann er ætlast til að hann geti tekið þátt í öllu daglegu starfi. Ef þörf er á undantekningu vegna einhverra sérstakra tilfella eru foreldrar beðnir að hafa samband við skólastjóra og skila inn vottorði þess efnis.

Útivist / klæðnaður

Nemendur í 1. - 6. bekk fara út í frímínútur daglega. Kennsla fer stundum fram utandyr, ýmist á skólalóð eða í næsta nágrenni. Brýnt er að nemendur klæði sig eftir veðri hverju sinni þannig að þeir geti notið útivistarinnar í leik og námi. Æskilegt er að nemendur í 1.-4. bekk séu með aukaföt í skólanum. Nemendur í 7 - 10. bekk geta valið hvort þeir fara út í frítíma. Þau hafa aðgang að Bakka sem er setustofa unglingastígs og hluta matsals en þar er Poolborð og fótboltaspil. Jafnframt er þeim leyft að nýta íþróttasalinn yfir mitt námsárið.

Móttaka nýrra nemenda

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar. Nemandinn og foreldrar eru boðuð í heimsókn í skólann áður en kennsla hefst að hausti. Við komu nýs nemanda í bekk er sérstaklega stuðlað að því að hann tengist þeim sem fyrir eru og er þá m.a. einum eða fleiri nemendum falið það hlutverk að fylgja honum um skólann fyrstu dagana og bjóða honum að vera með í frímínútum. Á heimasíðu skólans er hægt að finna áætlun um móttöku nýrra nemenda:

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/valsarskoli/aaetlanir/mottaka-nyrra-nemenda>

Rýmingaráætlun

Búið er að tímasetja tvær rýmingaráætlunir á skólaárinu og uppfæra rýmingaráætlun. Skólinn verður rýmdur tvisvar á skólaárinu 2025-2026 samkvæmt áætlun. Önnur æfingin verður óundirbúin og hin undirbúin.

Vinaborg

Vinaborg er frístundaheimili fyrir nemendur í Valsárskóla í 1. - 4. bekk. Starfsfólk Vinaborgar vinnur með hugmyndir um frístundastarf í samræmi við skilgreint hlutverk frístundaheimila sem gefið er út af Menntamálaráðuneytinu. <https://skolar.svalbardsstrond.is/is/thjonusta/vinaborg-fristund>

Starfsfólk

Starfsfólk Vinaborgar eru starfsmenn Valsárskóla og starfa undir stjórn skólastjóra. Umsjónarmaður Vinaborgar ber ábyrgð á daglegu starfi, skipulagi, skráningu barna og samskiptum við foreldra. Starfsfólk Vinaborgar vinnur á starfsdögum fyrir starfstíma skólans og í lok skólaárs líkt og kennarar og hefur þá tækifæri til símenntunar og samstarfs við kennara og annað starfsfólk skólans. Vinaborg starfar eftir ákveðnu skipulagi með fjölbreyttum verkefnum, sjá nánar í mánaðarskipulagi Vinaborgar sem er á heimasíðu skólans.

<https://skolar.svalbardsstrond.is/is/manadarskipulag>

Opnunartími

Vinaborg er opin eftir kennslu til kl. 16:15 á starfstíma Valsárskóla. Vinaborg er opin frá 8:00-16:15 á starfsdögum, á samtalsdögum, í haust- og vetrarfríum. Sjá nánar á skýringum við skóladagatal.

<https://skolar.svalbardsstrond.is/static/files/skyrignar-med-skoladagatali-blad1.pdf>

Skráning

Mikilvægt er að foreldrar skrái börn sín í Vinaborg og að vistunartími sé eins skýr og hægt er. Foreldrar skrá nemendur að hausti en geta einnig skráð frávik og heila daga fyrir 26. hvers mánaðar þannig að hægt sé að skipuleggja starfið næsta mánuð. Sérstaklega þarf að huga að skráningu fyrir heila daga eins og starfsdaga í Valsárskóla, samtalsdaga, haustfrí og vetrarfrí.

Skráning er mikilvæg vegna fæðis og skipulags starfsins. Kaffitími er kl. 14:30 og þeir sem eru í Vinaborg fram yfir þann tíma greiða fyrir hressingu. Auk þess er skráningarformið sent fyrir lengri daga mánaðarlega 20. - 26. hvers mánaðar.

Biðtími

Biðtími er fyrir börn sem þurfa að bíða í skólanum til kl. 14:00 til að taka skólabíl heim. Yngri nemendur eru mánudag, þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag í kennslu til kl. 13:00 og eru þá daga í skilgreindum biðtíma í Vinaborg í 1 klst á dag. Sá tími er gjaldfrjálss fyrir foreldra. Ef foreldrar velja að nota Vinaborg t.d. til kl. 16:00 greiða þeir frá skólalokum þar sem þá er biðtími ekki virkur. Á föstudögum eru allir nemendur búnir í skólanum kl. 13:00 og fer skólabíllinn þá með alla nemendur þannig að enginn biðtími skapast.

Nokkrir punktar um starfsemi Vinaborgar:

- Gjaldskrá og fleiri upplýsingar um Vinaborg eru aðgengilegar á vefsíðu bæði Valsárskóla og sveitarfélagsins.
- Neyðarkort nemenda í Valsárskóla sem eru í Vinaborg verða afrituð að hausti þannig að starfsfólk Vinaborgar hafi þau við höndina.
- Tryggt er að starfsfólk Vinaborgar sé ekki sett í önnur störf í skólanum þannig að það hafi neikvæð áhrif á starfsemi Vinaborgar.
- Vinaborg hefur síma sem er aðgengilegur og auglýstur bæði fyrir foreldra og starfsfólk. Síminn er 8325430.
- Foreldrar sækja börn um suður inngang í lok dags þar sem þeir hitta starfsmann og taka töskur og klæðnað. Ef börn eru sótt á öðrum tímum geta þau verið með starfsfólki á öðrum stöðum í húsinu og á skólalóð. Alltaf er hægt að hafa samband í síma 8324530 sem umsjónaraðili Vinaborgar er með á sér.
- Börn eru aldrei send heim eða annað nema í samráði við foreldra.

Skólaárið 2025 - 2026

Starfsfólk Vinaborgar kemur til starfa mánudaginn 14. ágúst og hættir störfum þriðjudaginn 11. júní nema um annað sé samið.

Starfsemi í Vinaborg hefst þriðjudaginn 21. ágúst 2025 og lýkur mánudaginn 9. júní 2025

Vinaborg er opin allan daginn eftirfarandi daga:

21. ágúst (starfsdagur og skólasetning).

16. - 17. október (samtalsdagur og starfsdagur).

20. - 21. október (haustfrí).

17. nóvember (starfsdagur).

2. janúar, jólafrí.

5. janúar (starfsdagur).

16. - 17. febrúar (samtalsdagur og starfsdagur)

18. - 20. febrúar (öskudagur og vetrarfrí)

24. apríl (frí v. 2x dags)

15. maí (frí v. 2x dags)

26. maí (starfsdagur)

Ath. að það verður ekki opið milli jóla og nýárs og í dymbilviku á skólaárinu 2025-2026. Skv. ákvörðun skólanefndar 15. október 2024.

Lokaorð

Við í Valsárskóla hlökkum til skólastarfsins í vetur og horfum jákvætt á samstarf við alla í skólasamfélaginu.

Gátlisti fyrir skólanefnd og skólaráð:

Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög og reglugerðir.

Þar þarf að koma fram:

- ☐ Skóladagatal
 - ☐ jólaaleyfi
 - ☐ páskaleyfi
 - ☐ haustleyfi
 - ☐ vetrarleyfi
- ☐ starfsáætlun nemenda
- ☐ skólareglur
- ☐ stoðþjónusta
 - ☐ skólaheilsugæsla
 - ☐ sérfræðiþjónusta
- ☐ félagslíf og tómstundastarf
- ☐ rýmingaráætlun
- ☐ viðbrögð við vá
 - ☐ óveður
 - ☐ eldgos
 - ☐ jarðskjálftar
 - ☐ veikindafaraldrar
- ☐ annað það sem varðar starfsemi skólans ár hvert
- ☐ stjórnskipulag skólans, þ.m.t. skipurit
- ☐ starfsfólk skólans
- ☐ tilhögun kennslu, s.s. kennsluáætlanir
- ☐ viðfangsefni innra mats
- ☐ val nemenda í 8. - 10. bekk
- ☐ hagnýtar upplýsingar
 - ☐ opnunartími skólans
 - ☐ viðvera sérfræðinga
 - ☐ mötuneytið

- ☐ forföll
- ☐ leyfi
- ☐ skólaráð
- ☐ foreldrafélag
- ☐ nemendaráð

Staðfest á fundi í skólaráði október 2025

Staðfest á fundi skólanefndar október 2025